

Greinargerð

Umsögn um athugasemdir sem bárust á kynningartíma um áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes

Samkvæmt 3. mgr. 36. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013

Í september 2020 fór Garðabær þess á leit við Umhverfisstofnun að hefja undirbúning friðlýsingar strandlengju Álftaness sem ekki væri nú þegar friðlýst. Svæðið er hluti þess svæðis sem skráð er sem Álftanes - Skerjafjörður á náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 vegna mikilvægis fyrir verndun búsvæða fugla. Í kjölfarið var skipaður samstarfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar. Hópin skipa: frá Garðabæ: Guðbjörg Brá Gísladóttir; atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti: Brynhildur Benediktsdóttir; frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu: Guðríður Þorvarðardóttir og frá Umhverfisstofnun: René Biasone og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir.

Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes sem friðlands, í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, voru auglýst þann 20. apríl 2021, í samræmi við málsmeðferð 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega. Auglýsing um áformin var birt í Lögbirtingablaði, á heimasíðu Umhverfisstofnunar og á facebook síðu stofnunarinnar auk þess sem hagsmunaaðilum var sent

bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir.

Frestur til að skila athugasemdum var til og með 21. maí 2021.

Alls bárust erindi frá sex aðilum á kynningartíma; frá Landgræðslunni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Helga, Samgöngustofu, Vegagerðinni og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum Umhverfisstofnunar við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma áforma.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir athugasemd við áformaða afmörkun svæðisins og bendir á að mörkin eru dregin á þann hátt að stórfelld fjöru- og grunnsævisvæði eru undanskilin þrátt fyrir mjög hátt verndargildi. All víða virðast mörkin hafa verið dregin út að endimörkum netlaga frekar en að miða við fjörumörk. Innan marka áformaðs friðlýsts svæðis eru því fyrst og fremst grunnsævisvæði með nokkrum undantekningum þar sem mörkin ná upp yfir fjörumörk hér og þar en þau svæði eru í miklum minnihluta ef nú þegar friðlýst svæði eru undanskilin. Hvergi ná mörkin upp á land þar sem sjávarfitjungsvist er að finna.

Meðal þeirra svæða sem lenda utan áformaðar afmörkunar er stór hluti Skógtjarnar þar sem er sérstaklega mikið af vistgerðinni marhálmsgræðum, einn aðaldvalarstaður margæsa og mikilvægur viðkomustaður rauðbrystings. Miðja Skógtjarnar sem liggur utan netlaga er höfð með sem sérstakt svæði en öll suðvestur, norður- og austurströndin er undanskilin. Strendurnar við Skógtjörn eru eitt aðal útbreiðslusvæði sjávarfitjungsvistar á Álftanesi. Stór þangfjörusvæði við sunnanvert Hliðsnes, norðan við Helgúvík, í kringum Hrakhólma og norður af Eyri eru öll undanskilin sem og sandmaðksleiran í vestanverðri Seilunni. Fjörusvæðin vestast á nesinu eru sérstaklega mikilvæg fyrir sendling á veturna og tildru bæði á vetrum og að vori.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að ef endanleg friðlýsing fylgir þessari tillögu um afmörkun svæðisins muni hún alls ekki geta tryggt nauðsynlega verndun þeirrar fjölbreyttu og verðmætu náttúru sem einkennir fjöru- og strandsvæði á norðan- og vestanverðu Álftanesi. Víða á nesinu munu því vistgerðir með hátt verndargildi, mikilvæg búsvæði og fæðusvæði margra fuglategunda áfram vera án verndar eða með takmarkaðri verndun líkt og núverandi hverfisvernd.

Náttúrufræðistofnun leggur til að áformin verði endurskoðuð með það að markmiði að stækka afmörkun áformaðs friðlýsts svæðis þannig að það nái yfir þessi mikilvægu fjörusvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að sá hluti fjörusvæðanna á Álftanesi sem liggur utan þeirra marka sem auglýst voru í áformum um friðlýsingu er eignarland í eigu einstaklinga og/eða lögaðila. Við undirbúning áforma um friðlýsingu var unnin greining á eignarhaldi strandlengjunnar og er fjöldi landeigenda um 150. Á fyrsta fundi samstarfshóps um undirbúning friðlýsingar svæðisins, þann 23. mars 2021, var ákveðið, m.a. í ljósi fjölda landeigenda, að miða afmörkun svæðisins við eignarlönd á þann hátt að farið verði eftir netlögum nema í þeim tilfellum þar sem eru landsvæði í eigu ríkisins og Garðabæjar þar sem farið verði eftir fjörumörkum. Mörk til sjávar byggist að mestu á viðmiðum við 7m dýptarlínu sem fengin var hjá sjómælingasviði Landhelgisgæslunnar en viðmiðunarregla vegna dýptar grunnsævis í Ramsarsamningnum er 6m en ekki eru til dýptargögn fyrir 6m dýptarlínur á svæðinu. Á sama fundi var ákveðið að halda rafrænan opinn kynningarfund fyrir landeigendur á Álftanesi um fyrirhugaða friðlýsingu áður en áform um friðlýsingu væru auglýst. Sá fundur var haldinn þann 8. apríl 2021 og voru þeir sem eiga land að sjó á Álftanesi sérstaklega boðaðir á fundinn. Markmið fundarins var að upplýsa um fyrirhugaða friðlýsingu, verndargildi svæðisins og bjóða þeim landeigendum á Álftanesi sem eiga land að sjó að taka þátt í friðlýsingunni. Á fundinum kom fram mjög mikil andstaða íbúa Álftaness við fyrirhugaða friðlýsingu. Enginn landeigandi þekktist boðið um að taka þátt í friðlýsingunni. Að höfðu samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Garðabæ var ákveðið að auglýsa áform um friðlýsingu með þeirri afmörkun sem auglýst var á kynningartíma áformanna. Heimilt er að stækka friðlýst svæði og því er hægt að bæta við fjörusvæðum síðar ef vilji til þess verður fyrir hendi.

<p>Helgi bendir á að sandburður í Seilunni hafi aukist undanfarna áratugi og að línurnar muni væntanlega hreyfast á komandi árum. Af þeirri ástæðu færast netlög út eftir því sem fyllist meira upp í Seilu. Hafnar hann því að netlög verði fest um aldur og ævi.</p>	<p><i>Umhverfisstofnun bendir á að ekki er verið að lögfesta legu netlaga á svæðinu með friðlýsingunni heldur eru netlög notuð sem viðmið þegar mörk svæðisins eru teiknuð upp til að mörkin nái ekki inn á eignarlönd. Fari svo að netlög færast út á þann hátt að mörk svæðisins liggja innan eignarlanda geta landeigendur óskað eftir að mörkum svæðisins verði breytt því til samræmis.</i></p>
--	--

Landgræðslan og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gera ekki athugasemdir við áformin. Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við áformin en áréttar að stofnunin fer með skipulag loftrýmis og skilgreinir

takmarkanir, m.a. höft og bönn innan þess skv. lögum um loftgerðir nr. 60/1998. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við áformin en minnir á ákvæði laga um þjóðvegi, vita og hafnir.

Reykjavík, 30. júní 2021
UST202010-007
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir